

Sæl og blessuð.

Ég hef alltaf verið andstæðingur fóstureyðinga nema líf móður sé í hættu, nauðgun, sjúkdómar s.s. rauðir hundar á fyrstu mánuðum og fl. Ég fordæmi engann sem hefur farið þessa leið. Það er ekki mitt að dæma og vera dómerandi. En ég vil nýta málfrelsið mitt og koma á framfæri mínu álitu.

1 Mós: 1: 27. - 30. “Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd, hann skapaði hann eftir Guðs mynd, hann skapaði þau karl og konu. (karlmann og kvenmann) Og Guð blessaði þau, og Guð sagði við þau: Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftsins og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jörðinni. Og Guð sagði: Sjá, ég gef ykkur alls konar sáðberandi jurtir á allri jörðinni og alls konar tré, sem bera ávöxtu með sæði í. Það sé ykkur til fæðu. Og öllum villidýrum og öllum fuglum loftsins og öllum skriðkvikindum á jörðinni, öllu því, sem hefir lifandi sál, gef ég öll grös og jurtir til fæðu.”

1. Mós. 2: 7 vers. “Þá myndaði Drottinn Guð manninn af leiri jarðar og blés lífsanda í nasir hans, og þannig varð maðurinn lifandi sál.”

Jerimía 1: 5vers. Þar er Guð að tala við Jerimía: “Áður en ég myndaði þig í móðurlífi, útvaldi ég þig, og áður en þú komst af móðurkviði, helgaði ég þig.”

Sálmur 139: 13- 16 vers. “Því að þú hefir myndað nýru mín, ofið mig í móðurlífi. Ég lofa þig fyrir það, að ég er undursamlega skapaður, undursamleg eru verk þín, það veit ég næsta vel. Beinín í mér voru þér eigi hulin, þegar ég var gjörður í leyni, myndaður í djúpum jarðar. Augu þín sáu mig, er ég enn var ómyndað efni, ævidagar voru ákveðnir og allir skráðir í bók þína, áður en nokkur þeirra var til orðinn.”

Öll þessi ritningavers eru kröftug. Við sem kristin þjóð þurfum að hafa þau í huga þegar við erum að taka ákvarðanir um að enda líf í móðurkviði og eins ákvarðanir um líknardráp ofl. Guð hefur áformað og við megum ekki fara gegn hans vilja og áformum. Ég trúu því að við séum sköpuð í Guðs mynd og börnin í móðurkviði eru sköpun Guðs. Hann blés líf í barnið sem hefur lagt af stað í þennan heim. Barnið er ósjálfbjarga í móðurkviði og

einnig eftir að það fæðist. Engum dettur í hug að taka líf nýfædds barns en af hverju að taka líf barns í móðurkviði? Barnið getur lifað án móður þegar það er orðið 22 vikna gamalt með hjálp fagfólks.

Þetta orkar oft tvímælis. Á sama tíma og börnum er eytt er verið að berjast við að halda lífi í börnum sem hafa fæðst fyrir tímann. Frænka mín eignaðist tvær stúlkur þegar hún var komin rúmar 25 vikur á leið. Allt var gert til að hjálpa þeim að lifa og þær dafna vel í dag. Þökk sé tækninni og fagfólki. Vinkona mín fór á kvennadeildina þegar hún var ung. Hún þráði að eiga börn og var verið að reyna að hjálpa henni. Á sama tíma voru konur í sama herbergi að jafna sig eftir fóstureyðingu.

Vinkona mín á mörg börn. Síðasta barn kom undir þegar hún var um fertugt og henni var ráðlagt að fara í fóstureyðingu vegna þess að það gæti hugsast að barnið yrði ekki heilt vegna aldurs foreldra. Vinkona mín sagði að hún ætlaði að eiga barnið og sjá um það með Guðs hjálp. Barnið, sonur er alheilbrigður. Önnur vinkona mín átti tvær dætur. Hún og maðurinn hennar skildu en tóku saman aftur og hún varð ófrísk í þriðja sinn. Aftur varð skilnaður. Fagmenntað fólk hvatti hana til að fara í fóstureyðingu vegna þess að það yrði erfitt fyrir hana einstæða móður að annast öll þessi börn. Sem betur fer lét hún ekki segja sér fyrir verkum og er drengurinn hennar mikill gleðigjafi.

Ég vildi óska að fagfólk sem tekur á móti konum sem eru í vafa um að eignast barn/börn, t.d. vegna ótta um að geta ekki annast barnið sitt/börnin sín að benda á fleiri leiðir s.s. ættleiðingu. Ég þekki marga sem hafa ekki getað eignast börn. Það hafa verið farnar ýmsar leiðir en án árangur og sorgarferlið hefur tekið mörg ár. Alveg er ég viss um að þessi þör myndu taka við þessum börnum. Það myndi spara okkur helling því það er ekkert ódýrt að fara í þær meðferðir sem í boði eru til að eignast börn og nú í kvöldfréttum 23 jan. var verið að ræða um breytinga á greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands. Fyrsta meðferðin var ókeypis en um áramótin var þessu breytt. Mér skilst að fóstureyðingar séu fríar. Við þjóðin borgum fyrir þennan gjörning en á sama tíma þurfa konur sem missa börn á meðgöngu að borga fyrir þjónustu sem þær þurfa eftir missinn. Einnig þurfa þör að borga himinhárar upphæðir til að reyna að eignast börn. Þessu vil ég mótmæla.

Ég trúi því að barnið sem er í móðurkviði sé lifandi mannvera sem er að

byrja að vaxa og dafna með hjálp móður. Ef móðir ákeður að láta taka barnið þá er verið að enda lífshlaup lifandi mannveru. Því lengur sem móðirin gengur með barnið án þess að taka ákvörðun þá stækkar litla barnið í móðurkviði. Hafið þið hugleitt hvernig barnið kemst út úr móðurkviði þegar það er orðið 5 mánaða gamalt? Haldið þið að þessi lítill líkami sem er dreginn út úr móðurkviði sé í heilu lagi? Vídeóið sem fylgir hér með sýnir annað. Ferlið er allt öðruvísi en ef þetta væri fyrirburðafæðing.

Í upphafi benti ég á nokkra ritningastaði og mun ég fjalla um þessi vers nú í lokin. 1.Mós. 1: 28.-30. “Og Guð blessaði þau, og Guð sagði við þau: Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftans og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jörðinni. Og Guð sagði: Sjá, ég gef ykkur alls konar sáðberandi jurtir á allri jörðinni og alls konar tré, sem bera ávöxtu með sæði í. Það sé ykkur til fæðu. Og öllum villidýrum og öllum fuglum loftans og öllum skriðkvikindum á jörðinni, öllu því, sem hefir lifandi sál, gef ég öll grös og jurtir til fæðu.”

Niðurlag: Guð hefur gefið okkur vald yfir jörðinni og Guð hefur gefið okkur rétt til að afla okkur fæðu Við eigum að fara vel með “allar” gjafir Guðs og passa að útrýma engum stofnum. Feministar tala um að konan hafi yfirráðarrétt yfir líkama sínum. Snýst kvenréttindabaráttan um réttindi að fremja morð? Sjáið videóið þar sem barnið er hlutað í sundur í móðurkviði. Spurning hvort barnið sé tekið af lífi fyrst og síðan hlutað í sundur eða kvelst það allan tíman á meðan þessi gjörningur stendur yfir? Haldið þið að það sé ekkert blóð sem rennur þarna eða viljið þið og við öll ekki horfast í augu við staðreyndir? Við sáum í sumar fréttir frá Hvalstöðinni í Hvalfirði. Hvalirnir voru drepnir á hafi úti en gert að þeim og þeir hlutaðir niður í fjörunni í Hvalfirði. Hellings blóð og allir brjáláðir. Þetta var ófögur sjón. Hvalirnir 2 sem sýnt var frá voru afkvæmi steypireyðar og langreyðar. 150 hvalir voru drepnir 2018 og á sama ári voru yfir 1000 þúsund fóstureyðingar framkvæmdar. Er hvalurinn meira virði en börn í móðurkviði? Fóstureyðingar voru leyfðar 1975. Meðaltal fóstureyðingar eru um 1000 þúsund á ári hverju í 43 ár sem gefur okkur að um 43 þúsund fóstureyðingar hafa verið framkvæmdar. Ætli það geti verið svipaður fjöldi og íbúar Vestmannaeyja eru í dag?

<https://www.campaignlifecoalition.com/abortion-videos>

<http://www.visir.is/.../ottast-fjolda-umsagna-trufelaga-um-fr...>

Megi almáttugur Guð gefa okkur visku og vísdóm.  
Rósa Aðalsteinsdóttir